

# Sparisjóður Höfðhverfinga

## Ársreikningur 2010

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstremmisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Höfðhverfinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og á síðasta ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi 2010 nam hagnaður ársins 1,2 millj.kr. en bólfært eigið fé í lok árs nam 122,9 millj. kr. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki er 13,7% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 118,2 millj.kr. og skiptist það í 1.903 hluti sem eru í eigu 81 aðila. Einn stofnfjáráðili, KEA svf., átti 35% af heildarstofnfé en aðrir minna 10%.

Stjórn sjóðsins leggur til að ekki verði greiddur arður til stofnfjáráðila á árinu 2011 vegna ársins 2010. Um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárréikningum er vísað til ársreikningsins.

Á árinu störfuðu 5 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum í 4 stöðugildum og nam launakostnaður samtals 30,9 millj. kr.

Stjórn sparisjóðsins hefur heimild til aukningar stofnfjárá um 1610 hluti samkvæmt samþykktum frá 25. maí 2010. Tölverð óvissa hefur rikt um rekstrarumhverfi sparisjóðanna og framtíð þeirra. Stjórn sparisjóðsins vinnur að framtíðarfyrirkomulagi sparisjóðsins.

## Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnanna. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2010 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2010.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættupáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Höfðhverfinga hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og sparisjóðsstjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Grenivík, 29. mars 2011

Stjórn:

Jóhann Þorgrímsson  
Heini Ásgeirsson

Telgi Jónasson  
Jónas H. Þórsson  
Tjóla V. Stefánsdóttir

Sparisjóðsstjóri:  
Lyng Sævar Þorsteinsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og stofnfjáreigenda Sparisjóðs Höfðhverfinga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Höfðhverfinga fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjómar og sparisjóðsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og sparisjóðsstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og sparisjóðsstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sparisjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Grenivik, 31. mars 2011

PricewaterhouseCoopers ehf

Davíð Búi Halldórsson

löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Vaxtatekjur</b>			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir .....	62.467	65.803	
Vaxtatekjur af útlánum .....	67.127	161.411	
Vaxtatekjur af markaðsbréfum .....	0	1.701	
	<b>129.594</b>	<b>228.916</b>	
<b>Vaxtagjöld</b>			
Vaxtagjöld til lánastofnana .....	3.303	35.571	
Vaxtagjöld af innlánum .....	75.163	124.788	
Vaxtagjöld af víkjandi lánum .....	7.033	10.114	
	<b>85.499</b>	<b>170.472</b>	
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>44.095</b>	<b>58.443</b>	
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum .....	655	2.378	
Þjónustutekjur .....	10.732	11.390	
Þjónustugjöld .....	(1.746)	(1.867)	
Gengishagnaður (tap) .....	15	7.222	(38.575)
Ýmsar rekstrartekjur .....	15	2.435	980
	<b>19.298</b>	<b>(25.695)</b>	
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>63.393</b>	<b>32.748</b>	
<b>Önnur rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	16	30.873	29.717
Annar rekstrarkostnaður .....		27.229	26.365
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	23	276	276
	<b>58.378</b>	<b>56.359</b>	
Framlög í afskriftarreikning útlána .....	19	(8.153)	25.017
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>(3.139)</b>	<b>1.407</b>	
Tekjuskattur .....		<b>4.348</b>	<b>404</b>
<b>Hagnaður ársins .....</b>	<b>1.209</b>	<b>1.811</b>	

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	2010	2009
<b>Sjóður og kröfur á lánastofnanir</b>			
Sjóður .....		11.589	16.090
Kröfur á lánastofnanir .....	18	1.026.136	666.236
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir samtals		1.037.725	682.326
<b>Útlán</b>			
Útlán til viðskiptamanna .....		659.840	690.964
Fullnustueignir .....		40.084	19.500
Útlán samtals		699.924	710.464
<b>Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum</b>			
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum .....	20	21.942	19.600
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum .....	20	95.117	104.988
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	21	3.623	4.072
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum samtals		120.682	128.660
<b>Aðrar eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	23	11.580	11.856
Skatteign .....	22	35.691	31.344
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur .....		2.377	4.346
Aðrar eignir .....		0	7.655
Aðrar eignir samtals		49.648	55.202
<b>Eignir samtals</b>		<b>1.907.979</b>	<b>1.576.652</b>

# 31. desember 2010

---

## **Skuldir**

	Skýr.	2010	2009
<b>Innlán</b>			
Óbundin innlán .....		1.370.539	993.436
Bundin innlán .....	25	308.476	311.550
		Innlán samtals	1.679.014
			1.304.986
<b>Lántaka</b> .....			
	26	10.715	95.384
<b>Aðrar skuldir</b>			
Ýmsar skuldir .....		9.988	10.838
Áfallin gjöld .....		9.071	5.208
		Aðrar skuldir samtals	19.059
			16.045
<b>Víkjandi lán</b> .....			
	27	76.243	71.343
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		118.157	85.311
Varasjóður .....		4.790	3.582
		Eigið fé samtals	122.947
			88.893
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>			
		1.907.979	1.576.652

## **Utan efnahagsreiknings**

Skuldbindingar vegna viðskiptamanna .....	29
---	----

# Sjóðstreymisyfirlit fyrir árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....	1.209	1.811	
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstremi:			
Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttigar .....	(3.768)	(38.442)	
Veltuhlutabréf, uppfærð .....	117	9.290	
Framlag í afskriftareikning útlána .....	19	8.153	(25.017)
Tekjuskattur .....	22	(4.348)	(404)
Aðrir liðir .....		726	(5.276)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum .....		5.833	2.481
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	<u>7.922</u>	<u>(55.558)</u>	
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kröfur á lánastofnanir, breyting .....	0	19.730	
Útlán, breyting .....	15.624	307.973	
Markaðsskuldbréf, breyting .....	(194)	12.719	
Fjárfestingarhlutabréf, breyting .....	0	3.095	
Aðrar eignir, breyting .....	7.655	0	
Fjárfestingarhreyfingar	<u>23.085</u>	<u>343.517</u>	
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir, breyting .....	0	6.987	
Innlán, breyting .....	374.028	283.926	
Lántaka, breyting .....	(84.669)	(392.790)	
Ýmsar skuldir, breyting .....	(849)	(16.200)	
Víkjandi lán, breyting .....	3.037	5.668	
Innborgað stofnfé .....	28	32.846	0
Fjármögnunarhreyfingar	<u>324.393</u>	<u>(112.410)</u>	
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>			
	355.399	175.549	
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	<u>668.826</u>	<u>493.277</u>	
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<u>1.024.225</u>	<u>668.826</u>	

# Skýringar

---

## 1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að veltuveröbréf eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, hann er gerður í íslenskum krónum.

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## 2. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfírráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild sparisjóðsins í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild sparisjóðsins í tapi þeirra hærra en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema sparisjóðurinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

## 3. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2010. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreknuð á gengi viðskiptadags.

## 4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum, lántökum og víkjandi lánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjunum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

## 5. Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum

Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

## 6. Þjónustutekjur

Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla meðal annars tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins þegar þær verða til.

## 7. Skatteign

Skattein er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi sjóðsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi. Reiknuð skattein vegna yfirfærانlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu af efnahagsliðum.

## 8. Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við visitölur sem tóku gildi í ársþyrjun 2011 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2010.

# Skýringar

## 9. Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi.

## 10. Fullnustueignir

Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði í ársreikningi sparisjóðsins.

## 11. Markaðsverðréf og eignarhlutir í félögum

Verðréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðréf og fjárfestingarverðréf. Til fjárfestingarverðréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuhlutabréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðréf eru eignfærð á markaðsvirði í árslok.

## 12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð.

## 13. Víkjandi lán

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 28. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

## 14. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

## 15. Aðrar rekstrartekjur

Gengishagnaður (tap) greinist þannig:

	2010	2009
Veltuskuldabréf .....	5.165	1.768
Veltuhlutabréf .....	(12.223)	(40.045)
Gjaldeyristengdar eignir og skuldir .....	14.280	(298)
Samtals .....	<u>7.222</u>	<u>(38.575)</u>

Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:

Húsaleiga .....	2.198	880
Aðrar tekjur .....	237	100
Samtals .....	<u>2.435</u>	<u>980</u>

# Skýringar

---

## 16. Starfsmannamál

Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

	2010	2009
Fjöldi starfsmanna að meðaltali .....	5,0	4,2
Stöðugildi í lok árs .....	4,0	4,2

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	24.095	24.666
Launatengd gjöld .....	6.778	5.051
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>30.873</u>	<u>29.717</u>

Laun og þóknanir til stjórnar og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

Sparisjóðsstjóri .....	9.075	9.190
Stjórnarformaður .....	816	864
Aðrir stjórnarmenn (4) og varamenn í stjórn (2) .....	1.666	1.728
Samtals .....	<u>11.557</u>	<u>11.782</u>

Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum og sparisjóðsstjóra lán og nema þau 6,7 millj. kr. í árslok 2010. Lánskjör eru hliðstæð og gerist við sambærilegar lánveitingar til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

## 17. Þóknun endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins nam 5,7 millj.kr. árið 2010 og 5,8 millj. kr. árið 2009.

Endurskoðun ársreiknings .....	2.401	3.021
Innri endurskoðun .....	2.316	1.559
Önnur þjónusta .....	972	1.219
Samtals .....	<u>5.689</u>	<u>5.799</u>

## 18. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:

Gjaldkræfar kröfur .....	462.636	202.736
Allt að 3 mánuðir .....	550.000	450.000
Bundnar kröfur skv. reglum um bindiskyldu .....	13.500	13.500
Samtals .....	<u>1.026.136</u>	<u>666.236</u>

## 19. Útlán

Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

Yfirdráttarlán .....	208.533	152.620
Afurða- og rekstrarlán .....	4.712	39.203
Víxlar .....	4.010	3.814
Skuldabréf .....	442.585	495.326
Samtals .....	<u>659.840</u>	<u>690.964</u>

# Skýringar

## Útlán (frh)

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:	2010	2009
Ríki og sveitarfélög .....	0,9%	1,1%
Atvinnugreinar		
Landbúnaður .....	6,2%	11,2%
Sjávarútvegur .....	0,0%	0,0%
Verslun .....	1,7%	2,0%
Iönaður og verktakar .....	4,1%	4,3%
Þjónusta .....	3,6%	4,0%
Einstaklingar .....	83,5%	77,4%
Samtals .....	100,0%	100,0%

Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræf útlán .....	55.340	67.979
Allt að 3 mánuðir .....	83.086	74.529
Yfir 3 mánuðir og allt að ári .....	97.307	91.655
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	174.525	176.257
Yfir 5 ár .....	249.582	280.544
Samtals .....	659.840	690.964

Fullnustueignir greinast þannig

Fasteignir .....	40.084	19.500
------------------	--------	--------

Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána greinast þannig:

Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir .....	100.399	121.067
Sérstakur afskriftareikningur útlána .....	(63.830)	(73.108)
Önnur vaxtalaus útlán .....	38.648	27.047
Óvaxtaberandi útlán samtals .....	75.217	75.006

Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftareikningur		2010	2009
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur útlána í byrjun ársins .....	56.380	24.180	80.560	120.474
Framlag í afskriftareikning á árinu .....	11.069	(2.916)	8.153	(25.017)
Endanlega töpuð útlán .....	0	0	(620)	(14.897)
Innkomioð áður afskrifað .....	0	0	0	0
Afskriftareikningur útlána í lok ársins .....	67.449	21.265	88.094	80.560

Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum .....	10,0%	3,1%	13,0%	13,9%
--	-------	------	-------	-------

# Skýringar

---

## 20. Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

**Markaðsverð Bókfært verð**

Veltuskuldabréf:

Skráð bréf .....	20.900	20.900
Óskráð bréf .....		1.042
		<u>21.942</u>

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Veltuhlutabréf:

Óskráð hlutabréf .....	1
------------------------	---

Fjárfestingahlutabréf:

Óskráð hlutabréf .....	95.116
------------------------	--------

Samtals .....	95.117
---------------	--------

Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

	Eignarhlutdeild	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Sænes hf., Grenivík .....	11,6%	1.204	4.815	74.200
Valitor hf., Rvk. ....	óverul.	0	821	10.096
Saga Eignarhaldsfélag hf., Ak. ....	óverul.	0	440	4.400
Hilda hf .....	óverul.	0	440	0
Tækifæri hf., Akureyri .....	óverul.	0	3.453	2.866
Exista ehf., Rvk .....	óverul.	0	2.452	2.452
Motus kröfupjónusta ehf., Rvk. ....	óverul.	0	180	758
Kreditkort hf., Rvk. ....	óverul.	0	441	269
Pharmartica ehf., Grenivík .....	5,2%	0	3.000	0
Eignarhlutir í 2 öðrum félögum .....		0	76	76
Fjárfestingarbréf, samtals .....		1.204		95.116

## 21. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutdeild	Hlutdeild í afkomu	Nafnverð	Bókfært verð
Reiknistofa bankanna, Reykjavík .....	0,4%	0	928	1.321
Teris, Kópavogi .....	0,3%	(449)	1.231	2.302
Hlutdeildarfélög samtals .....		(449)		3.623

# Skýringar

## 22. Reiknuð skatteign

Breytingar á árinu greinast þannig:

Reiknuð skatteign í ársbyrjun .....	31.344
Áhrif hækkanar á skatprósantu .....	3.569
Reiknuð skatteign vegna ársins 2010 .....	779
Reiknuð skatteign í árslok .....	<u>35.691</u>

Reiknuð skatteign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

Gjaldmiðlagengismunur .....	(1.884)
Rekstrarfjármunir .....	(2)
Yfirfæraranlegt skattalegt tap .....	37.578
Reiknuð skatteign í árslok .....	<u>35.691</u>

Skattalegt tap félagsins samkvæmt skattframtali nemur 316 millj. kr. í árslok. Vegna óvissu um nýtingu tapsins er aðeins sá hluti sem talinn er nýtast á komandi árum færður upp í árslok. Skattinneign næmi 60,4 millj. kr. í árslok ef allt yfirfæraranlegt tap samkvæmt skattalögum væri metið nýtanlegt.

## 23. Aðrar eignir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir og lóðir	Húsbúnaður og áhöld	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun .....	13.820	5.976	19.802
Stofnverð í árslok .....	13.820	5.976	19.796
Afskrifað áður .....	2.561	5.378	7.939
Afskrifað á árinu .....	276	0	276
Afskrifað samtals .....	2.837	5.378	8.216
Bókfært verð í árslok .....	10.982	598	11.580
Afskriftarhlutföll .....	2%	20-33%	

Fasteignamat húseigna og lóða, þar með talið fullnustueigna, nam í árslok 26,6 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 80,4 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 17,5 millj. kr. í árslok.

## 24. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 519 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 385 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 31 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 7,1 millj. kr.

# Skýringar

## 25. Innlán

Bundin innlán sundurgreinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2010	2009
Allt að 3 mánuðir .....	68.481	118.101
Yfir 3 mánuðir og allt að ári .....	76.398	45.104
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	90.363	73.241
Yfir 5 ár .....	73.234	75.105
Samtals .....	308.476	311.550

## 26. Lántaka

Lántaka er eingöngu í formi lána frá lánastofnunum og koma 1,6 millj. kr. til greiðslu innan árs frá uppgjörsdegi.

## 27. Víkjandi lán

Verðtryggð lán, vextir 6,5%, gjalddagi 2016 .....	76.243	71.343
---	--------	--------

## 28. Eigið fé

Stofnfé sparisjóðsins nemur 118,2 millj. kr. og skiptist það á 81 aðila.

Yfirlit um eigið fé:	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun .....	85.311	3.582	88.893
Aukning stofnfjár á árinu .....	32.846		32.846
Hagnaður ársins .....		1.209	1.209
Eigið fé í árslok .....	118.157	4.790	122.947

Eigið fé í lok árs nemur 122,9 millj. kr. eða 6,44% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 13,71% .

Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	2010	2009
Heildar eigið fé .....	122.947	88.893
Skatteign .....	(35.691)	0
Víkjandi lán .....	43.628	44.446
Eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum .....	(1.676)	(13.311)
Eiginfjárgrunnur samtals .....	129.208	120.028

Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig:

Útlánaáhætta .....	64.636	61.204
Markaðsáhætta .....	2.160	1.795
Rekstraráhætta .....	8.601	7.645
Eiginfjárkrafa .....	75.398	70.644
Eiginfjárlutfall .....	13,71%	13,59%

# Skýringar

---

## 29. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	2010	2009
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	17.086	17.490
Ónotaðar yfirdráttarheimildir .....	63.199	45.900

Sparisjóðurinn hefur veitt ábyrgðir fyrir tengda aðila og nema þær 6 millj. kr. í árslok.

Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári.

Sparisjóðurinn ásamt öðrum sparisjóðum bera sameiginlega ábyrgð á skuldbindingum Teris sem er þjónustuaðili sparisjóðanna.